

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Sent á netfangið umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 12. maí 2026

Efni: Minnisblað Seðlabanka Íslands, dags. 7. maí sl.

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) vísa til minnisblaðs Seðlabanka Íslands til efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 7. maí sl., sem ber yfirskriftina *Lagabreytingartillögur Seðlabankans til mótvægis við rýmkun á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða (567. mál)*.

Það frumvarp sem nú er til meðferðar hjá nefndinni er afrakstur viðamikils samráðs fjármála- og efnahagsráðuneytisins við haghafa í lífeyriskerfinu. Seðlabankinn var þátttakandi í því samráði og var afstaða tekin til fjölda hugmynda bankans í því ferli.

LL telja að tillögur Seðlabankans til nefndarinnar séu ágætis innlegg í umræðu um mögulegar breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Hins vegar er til þess að líta, eins og skýrt kom fram af hálfu fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins í umræddu samráðsferli, að breytingar á borð við þær sem lagðar eru til í minnisblaði Seðlabankans eru ótengdar markmiði þess frumvarps sem hér er til umfjöllunar, að bæta eigna- og áhættustýringu lífeyrissjóða.

Tillögur Seðlabankans snúa að stjórnarháttum lífeyrissjóða og skal áréttað að LL telja það sameiginlegt hagsmunamál allra að stjórnarhættir lífeyrissjóða séu með sem bestum hætti. Á tillögunum eru hins vegar ýmsar hliðar sem þarfnast nánari rýni allra haghafa, ekki síst aðila vinnumarkaðarins.

LL leyfa sér hér að benda á nokkur atriði sem þarfnast nánari skoðunar.

Um hæfiskröfur til ábyrgðaraðila lykilstarfssviða

Seðlabankinn leggur til að við 31. gr. laga nr. 129/1997 verði bætt svohljóðandi málslíð:

Starfsmenn sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum skulu hafa gott orðspor og viðeigandi reynslu og þekkingu.

LL benda á að lykilstarfssvið eru ekki skilgreind í lögum nr. 129/1997. Þá liggur ekki fyrir greining á því hvort nægjanlegt sé að telja lykilstarfssvið upp í greinargerð, líkt og Seðlabankinn virðist leggja til, en við þá greiningu þarf að hafa í huga að með

hæfiskröfunum er gengið á stjórnarskrárbundið atvinnufrelsi þeirra sem gegna umræddum stöðum.

LL vísa einnig til þess að Seðlabankinn segir á bls. 2 í minnisblaði sínu að huga verði að breytingum á starfssviði tryggingastærðfræðings. Í tillögu Seðlabankans um breytingu á 31. gr. eru tryggingastærðfræðingar skilgreindir sem lykilstarfssvið og til þeirra gerðar hæfiskröfur. Með þessu virðist bankinn, án nánara samráðs, búinn að greina hvaða breytingar þurfi að gera á starfssviði þessarar mikilvægu stéttar. Óhætt er að fullyrða að tillögur Seðlabankans þarfnast nánari umræðu, sbr. umsagnir sem bárust í samráðsgátt stjórnvalda vegna máls nr. 35/2026.

Loks leyfa LL sér að benda á að sú tillaga Seðlabankans, að telja til lykilstarfssviða þann starfsmann sem annast ráðgjöf til stjórnar um fylgni við lög og stjórnvaldsfyrirmæli, gengur lengra en skilgreining IORP II á lykilstarfssviðum, en IORP II er tilskipun Evrópusambandsins um starfstengda eftirlaunasjóði.¹ Seðlabankinn leggur því til að gerðar verði ríkari kröfur til íslenskra lífeyrissjóða en evrópskra starfstengdra eftirlaunasjóða almennt án þess þó að tiltaka ástæður þess.

Um kröfur til stjórnar

Það er rétt sem Seðlabankinn bendir á, að 1. mgr. 22. gr. IORP II gerir kröfu um að stjórnendur lífeyrissjóðs (e. persons who effectively run the IORP) uppfylli *sameiginlega* kröfu um fullnægjandi hæfni, þekkingu og reynslu á viðeigandi sviðum.

Í upphaflegri tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að því sem síðar varð IORP II var upplaggið það að hver og einn stjórnandi skyldi búa yfir nægjanlegri hæfni, þekkingu og reynslu.² Þessi tillaga sætti harðri gagnrýni haghafa, sem margir töldu að með tillögu framkvæmdastjórnarinnar væri vegið að skipan stjórnna í lífeyrissjóðum aðila vinnumarkaðarins.³ Framkvæmdastjórnin kom til móts við þessi sjónarmið með því að leggja til að nægjanlegt væri að stjórnin uppfyllti kröfurnar *sameiginlega* og er Seðlabankinn að vísa til þeirrar málamiðlunar í tillögu sinni.

Í núgildandi 4. mgr. 31. gr. laga nr. 129/1997 er þess krafist að *hver og einn* stjórnarmaður búi yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Hérlandis eru kröfurnar því sambærilegar þeim sem framkvæmdastjórnin lagði upphaflega til.

Að mati LL verður ítarlegt samráð að eiga sér stað um þá leið sem Seðlabankinn leggur til, sem er að bæði eigi að gera sérstaka kröfu um þekkingu og reynslu hvers og eins stjórnarmanns og stjórnarinnar sem heildar. Sú leið gengur mun lengra en IORP II, sem Seðlabankinn notar þó til rökstuðnings tillögu sinni.

¹ Má ætla að hér sé Seðlabankinn að horfa til krafna Solvency II, sem snýr að váttryggingafélögum.

² Sjá 1. mgr. 23. gr. [tillögu framkvæmdastjórnarinnar](#).

³ Meerten, EU Pension Law, bls. 97.

Um ábyrgð stjórnar á stjórnarháttum

Seðlabankinn leggur til að gerð verði breyting á 29. gr. laga nr. 129/1997 þannig að við ákvæðið sé skeytt eftirfarandi málslíð sem á rætur að rekja til 1. mgr. 88. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnieftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum (CRD IV):

Stjórn ber jafnframt ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag stuðli að skilvirkri og skynsamri stjórn lífeyrissjóðs, aðskilnaði starfa og að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra. Stjórn skal a.m.k. árlega endurmeta stjórnarhætti sjóðsins og bregðast við annmörkum sem koma í ljós.

Samsvarandi ákvæði er ekki að finna í IORP II tilskipun Evrópusambandsins. Vandséð er hvers vegna ákvæðið ætti að gilda um íslenska lífeyrissjóði umfram starfstengda eftirlaunasjóði í Evrópusambandinu. Þá bendir LL á að ákvæðið í CRD IV, sem tillaga Seðlabankans byggir á, er nánar útfært í 93 blaðsíðna viðmiðunarreglum frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni. Engar sambærilegar viðmiðunarreglur gilda um íslensku lífeyrissjóðina, og því í reynd óljóst hvaða kröfur er verið að leggja á lífeyrissjóðina með þessari tillögu Seðlabankans.

Um reglur um hæfismöt

Vegna tillögu Seðlabankans um að honum verði heimilað að setja reglur um hæfisskilyrði þeirra sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum ítreka LL ábendingu sína um að lykilstarfssvið eru ekki skilgreind í lögum. Í þessu samhengi skal tekið fram að hætt er við að í nánari útfærslu á hæfisskilyrðum í reglum kunni að felast ný hæfisskilyrði.

Frekari vinna nauðsynleg

Mögulegar endurbætur á stjórnarháttum hafa engin tengsl við það frumvarp sem nú er til umfjöllunar hjá efnahags- og viðskiptanefnd. Ítrekað skal að markmið frumvarpsins er að bæta eigna- og áhættustýringu lífeyrissjóða og því markmiði verður náð án þeirra breytinga sem Seðlabankinn leggur til. Að því sögðu væri æskilegt að hafin verði vinna, í samráði við alla haghafa, við að yfirfara stjórnarhætti íslenskra lífeyrissjóða og meta hvaða breytinga sé þörf.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri